

BORGARRÁÐ 11. nóvember 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um bið vegna innleiðingar rafrænna undirritana - R21110096

Fulltrúi Flokks fólksins spyr af hverju einföld lausn til þess að starfsfólk borgarinnar geti sent rafræn skjöl til undirritunar sé ekki fyrir löngu komin í allar deildir/svið borgarinnar? Fulltrúi Flokks fólksins veit að Barnavernd Reykjavíkur hefur notað rafrænar undirskriftir á mjög viðkvæmum skjölum í næstum 8 ár. Segir í nýju verkefnayfirliti frá þjónustu- og nýsköpunarsviði (ÞON) „að stöðluð bréf til rafrænna sendinga hafi ekki verið til hjá borginni, heldur einungis verið til bréfsefni til útprentunar og póstsendinga en nú sé búið að þróa miðlæga lausn til að útbúa rafræn bréf á PDF sniðmáti og að uppgötvunarfasa verkefnis hafi verið að ljúka og þróunarfasi að hefjast“. Fulltrúi Flokks fólksins spyr, er þjónustu- og nýsköpunarsviði ekki kunnugt um að Barnavernd Reykjavíkur sem tilheyrir velferðarsviði, hafi viðhaft rafrænar undirskriftir skjala um 8 ára skeið? Hvað veldur þessum mismuni milli sviða/nefnda hjá borginni? En ÞON er enn í uppgötvunarfasanum eftir því sem fram kemur í verkefnayfirliti þeirra. Hér er aftur spurt, hefði ekki verið hægt að fara þá leið sem Barnaverndarnefndin fór, að kaupa tilbúna lausn?